

A close-up photograph of several large, green, textured leaves, likely from a tropical plant, filling the left side of the image. The leaves have prominent veins and a slightly waxy appearance.

MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

Skólafundur

17. mars 2022






Fundurinn var skipulagður í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn var fyrirlestur sem Andrea A. Guðjónsdóttir og Ósk Kristinsdóttir frá Landvernd héldu. Fyrirlesturinn bar heitið Menntun til sjálfbærni og var honum streymt í stofur. Hópar sem áttu að vera í leikfimi og við smíðar í smiðju komu í matsal nemenda og tóku þátt í fundinum þar.


Í seinni hluta fundarins svöruðu nemendur í hópum þremur spurningum um hvað í þeirra huga gæti stuðlað að meiri sjálfbærni í FB. Notuð var sú aðferð að fyrst fengu nemendur tækifæri á að hugsa með sjálfum sér svar við spurningunni í um það bil mínútu. Síðan ræddu þeir við sessunaut sinn um spurninguna í tvær mínútur og loks var svarið kynnt fyrir öllum hópnum. Kennarinn skráði síðan svör hópsins og sendi til aðstoðarskólameistara.

Alls bárust svör frá 32 hópum. Svörin við spurningunum þremur eru sýnd á meðfylgjandi línuritum.

Sp. 1 Hvaða þrjár breytingar mynduð þið vilja sjá á námi og starfi FB varðandi sjálfbærni?



Sp. 2 Hvernig gætu nemendur haft áhrif á umhverfismálin í FB?



Sp. 3 Hvernig getur grænfáninn hjálpað FB í átt að sjálfbærni og bætt skólastarfið?

